

Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ásbjörns Óttarssonar um netarall.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hverjar voru tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar af netaralli árin 2007, 2008 og 2009?
2. Hver var kostnaður stofnunarinnar við netarall sömu ár og hvernig skiptist hann?

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Hafrannsóknastofnunarinnar og fylgir hér svar hennar:

1. Eftirfarandi tafla sýnir tekjur af netaralli árin 2007, 2008 og 2009 en þær voru 119,5 millj. kr., 111,2 millj. kr. og 136,3 millj. kr.
2. Skiptingu kostnaðar er einnig að finna í töflunni en mismunur tekna og gjalda var þessi ár á bilinu -2,5 millj. kr. til 14,3 millj. kr. Þess skal getið að niðurstöðutalan fer allnokkuð eftir aflabrogðum og næstu þrjú ár á undan þessum voru gjöld verulega hærri en tekjur.

Gjöld og tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar af netaralli, þús. kr.

	2007	2008	2009
Tekjur	119.540	111.187	136.343
Gjöld	105.244	113.690	130.663
Laun	22.598	25.168	24.490
Dagpeningar	2.717	2.805	2.625
Veidarfæri	4.397	5.720	8.841
Skipaleiga	72.938	73.340	86.721
Flutningsgjöld og fargjöld	2.252	2.696	4.272
Annað	342	3.961	3.714
Mismunur	14.296	-2.503	5.680

